

42  
4. júní

L Ö G  
um

breyting á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Staflíð e. í 2. tölulíð 3. gr. laga nr. 81, 28. nóv. 1919, skal orða svo: sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., auk sömu dýrtíðaruppbótar, sem starfsmenn ríkisins njóta á hverjum tíma, að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*